

Samþykkt

um kynbætur hesta.

Sýslunefndin í Mýrasýslu hefur samkvæmt lögum 11. desbr. 1891 um samþykktir um kynbætur hesta gjört eptirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta í Mýrasýslu.

1. gr.

Sýslunefndin í Mýrasýslu útnefnir ár hvert 3–5 menn í hverjum hreppi í nefnd, til að hafa nákvæmt eptirlit með kynbótum hrossa samkvæmt reglum þeim, sem hjer eru settar.

2. gr.

Kynbótanefnd þessi skal eiga með sjer að minnsta kosti 2 fundi á ári, annan að vorinu en hinn að haustinu. Á vorfundinum kjósa nefndarmenn sjer formann, er kallar saman fundi og stýrir gjörðum nefndarinnar; að öðru leyti skipta nefndarmenn verkum með sjer eptir því sem hentast þykir. Nefndarmenn eiga heimtingu á, að fá úr sveitarsjóði endurgoldið það, sem þeir verða að borga út vegna fundarhalda þessara.

3. gr.

Fyrir lok árs hvers sendir kynbótanefndin sýslunefndarmanninum í hreppi sínum skýrslu um störf sín, gjörir hann við hana athugasemdir, ef honum þykir ástæða til, og sjer um, að skýrslan ásamt athugasemdunum komizt á næsta fund sýslunefndarinnar. Skýrslan sje undirskrifuð af öllum nefndarmönnum.

4. gr.

Skyldur skal hver maður, sem ekki er öðrum háður sem hjú, að taka á móti kosningu og endurkosningu 3 ár í senn. Að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu jafnlangan tíma; þó skal hann, ef hann með engu móti ætlar að gefa kost á sjer aptur, tilkynna sýslunefndinni það skriflega fyrir árslok.

5. gr.

Kynbótanefndin skal á vori hverju velja hryssur þær, er ala skal upp undan graðhesta, svo marga sem þurfa þykir.

6. gr.

Öll hestfolöld, sem eru undan yngri merum en 5 vetra og eldri en 15 vetra, skal gelda þegar að vorinu. Ekki má heldur ala upp graðhesta undan þeim merum, sem eru skjóttar, hvítar með hvítum hófum, glaseygar, bringeygar, mjög snúinhæfðar, þreklitlar, lingerðar, illa vaxnar, horsamar, með tannsjúkdómi, með álfabruna á nösum, eða komnar af gölluðu, ljótu eða laungröðu kyni. Skal þegar að vorinu gelda hestfolöld undan merum þessum. Komi undan þessum merum hestfolöld, sem skapnaðarins vegna eigi verða gelt, ber eiganda þess að hafa gætur á, að svo miklu leyti sem því verður við komið, að merar fái ekki með slíkum fola, og skal sæta hinu fyrsta færi að gelda hann.

7. gr.

Ala skal upp graða þá fola, sem eru undan holdsömum, þrekmiklum og

41 velvöxnum merum, enda hafi þær ekki galla þá eða lýti, sem talin eru í 6. gr. Fola þessa má eigi gelda fyrir en þeir eru þrevetrir, og á aldrinum frá 3—5 vetra má eigi gelda þá fyrir fardaga; þó má kynbótanefndin veita undanþágu frá þessu, þá er henni þykir ástæða til, en sjá skal hún um, að fram að fardögum ár hvert sju nægilega margir gradhestar 3—5 vetra, svo eigi tapist góður tími af merum. Komi gallar eða vanmet fram í folum þessum, skal gelda þá svo fljótt sem mögulegt er.

8. gr.

Ef undan merum þeim, sem ætlaðar eru til undaneldis, koma hestfolöld með göllum þeim og lýtum, sem upp eru talin í 6. gr., skal gelda þau þegar að vorinu, verði því við komið, ella hið fyrsta sem hægt er. — Sleppi hryssur með göllum þeim og lýtum, sem talin eru í 6. gr., á fjall eða afrjett, eða týnist á annan hátt ókastaðar eða með ógeltum hestfolöldum, skal sæta fyrsta tækifæri að gelda þau folöld. Öll hestfolöld, sem köstuð eru eptir júlímánaðarlok, skal gelda þegar að sumrinu, nema kynbótanefndin gefi undanþágu

9. gr.

Kynbótanefndin skal, þar sem því verður við komið, gjöra samning við einstaka menn um að ala upp eingöngu til kynbóta framúrskarandi fola að kyni og kostum, og hefur hún heimild til að ákveða folatoll, sem skuli goldinn fyrir hverja hryssu, er fær með folum þeirra, nema hreppsnefndin vilji í þess stað greiða hæfilega þóknun af sveitarsjóði.

10. gr.

Kynbótanefndin skal hafa eptirlit með, að lögum frá 12. jan. 1884, um horfelli á skepnum, verði sem bezt framfylgt að því er hesta snertir.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum samkvæmt lögum 11. desbr. 1891, um samþykktir um kynbætur hesta, 7. gr. Sektirnar falla í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

12. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Ákvarðanir um stundarstakir.

1. Undir eins og samþykkt þessi er komin í gildi, skal sæta hinu stáyr tækifæri að gelda alla þá gradhesta, á hvaða aldri sem eru, sem óhæfir eru til undaneldis eptir samþykkt þessari.
2. Sýslunefndin tilefnir í fyrsta sinn einn mann í hverri kynbótanefnd til að kalla saman fyrsta nefndarfundinn.

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess að öðlast gildi 1. júní 1895, og kunngjörast öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 27. dag marzmán. 1895.

J. Havsteen.